

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 10. nóvember 2015
UST201510-146/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - eldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags.14.október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Markmið framkvæmdaáðila er að heildarframleiðsla beggja fyrirtækja í Patreksfirði og Tálknafirði verði að hámarki 19.000 tonn á einu ári. Heildar framleiðsla Dýrfisks verður 7.000 tonn og framleiðsluaukning Fjarðarlax verður 9.000 tonn og að viðbætti núverandi heimild sem er 3000 tonn eða samtals 12.000 tonn af laxi. Alls 19.000 tonn.

Ráðgert er að eldið verði kynslóðaskipt, þ.e.a.s. aðeins ein kynslóð eldisfisks verði á hverju sjókvíaeldissvæði á hverjum tíma. Á tveimur árum af hverjum þremur verður framleiðsluheimild ekki að fullu nýtt vegna kynslóðaskipta í útsetningu seiða og hvíld fjarða.

Í greinargerð segir enn fremur um þetta atriði: „*Seiðaútsetningar í Patreks- og Tálknafirði eru tvö ár af hverjum þremur. Eitt ár er hvílt, þ.e. ekki sett seiði í firðina. Seiði eru sett í Tálknafjörð ári eftir að seiðin hafa verið sett í Patreksfjörð, það er lykilatíði.*“

Burðarþol Í greinargerð framkvæmdaáðila er vitnað í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um burðarþol Patreks- og Tálknafjarðar til sjókvíaeldis. Þar segir m.a.: „*Gert er ráð fyrir að hámarkslífmassi í 20.000 tonna eldi fari ekki yfir þau mörk á neinum tíma í eldisferlinu, sér í lagi þegar súrefnisstyrkur er lægstur. Með tilliti til stærðar fjarðanna og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk telur Hafrannsóknarstofnun að með þessu mati á burðarþoli sé hægt að leyfa allt að 20.000 tonna eldi í Patreks- og Tálknafirði á ári. Í þessu mati er gert ráð fyrir að heildarlífmassi verði aldrei meiri en 20.000 tonn og nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því.*“

Umhverfisvöktun Fjarðalax og Dýrfiskur hafa gert samning við Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmd vöktunar í nágrenni eldiskvía. Til að vakta og meta áhrif ofauðgunar í fjörðunum verða framkvæmdar mælingar á súrefni í botnsjó og fylgst með fjölbreytileika og magni botndýra.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að nota landnám ákveðinna vísitögunda á hafsbotni undir kvíum sem vísbendingu um ástand hafsbotsins í stað þess að líta eingöngu til fjölda tegunda sem nema land að hvíld lokinni. Einnig ætti að kanna þann möguleika að nota myndavélar til að vakta ástand hafsbotsins.

Áhrif á ásýnd fjarðanna Umhverfisstofnun telur umfjöllun um þessi áhrif framkvæmdanna mjög góða. Í greinargerð segir m.a.: „Við niðursetningu á eldiskvíum er lögð áhersla á fagurfræði, ásýnd og góðan frágang.... Eldiskvíarnar eru fjarlægir og eru áhrif á ásýnd svæða í þeim skilningi afturkræf.“

Í greinargerð er fjallað um fiskeldi á Vestfjörðum á nokkuð annan hátt en venja er, en þar segir: „Mikilvægt er að á Vestfjörðum séu til svæði þar sem ekkert fiskeldi er stundað. Sveitarfélögin hafa ekki markað stefnu um þetta, en horft hefur verið til Jökulfjarða og Hornstranda í þessu samhengi. Geirþjófsfjörður í Arnarfirði er skilgreindur í nýtingaráætlun strandsvæðis Arnarfjarðar sem náttúrusvæði (án fiskeldis og annarrar nýtingar sem krefst mannvirkja).“

Umhverfisstofnun telur að oftar mætti skoða framkvæmdir í jafn stóru samhengi og hér er gert.

Áhrif á laxfiska Um sjúkdómasmit frá eldisfiski segir m.a. í greinargerð: „Áhrifin verða óveruleg vegna þess að búsvæði villtra laxfiska eru fjarri eldissvæðum og stærð villtra laxfiskastofnar er áætluð lítil í Patreks- og Tálknafirði.“

Í umfjöllun um mögulega útbreiðslu laxalúsar segir m.a.: „Eins og víða á Vestfjörðum er lítið vitað um stærð villtra stofna af laxfiski í Patreks- og Tálknafirði.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sömu gögn séu notuð með sambærilegum hætti.

Í greinargerð kemur fram að eldissvæði í Patreks- og Tálknafirði eru í meira en 100 km fjarlægð frá næstu ám með villta laxastofna í Ísafjarðardjúpi og á Snæfellsnesi.

Ekki er því talin mikil hættu á erfðablöndun við villta laxastofna nema til komi sleppingar í nokkuð miklu mæli.

Botndýralíf fram kemur í greinargerð að rannsókn á botndýralífi fór fram í báðum fjörðunum 2009. Fjöldi tegunda/hópa á hverri stöð var á bilinu 33-82. Samkvæmt staðlinum ISO 12878 teljast umhverfisskilyrði mjög góð eða í hæsta flokki ef á sömu stöð finnast fleiri en 20 tegundir.

Samkvæmt fyrrnefndum staðli eru umhverfisskilyrði á hafsbotni talin slæm og flokkuð í lakasta flokk ef færri en 5 tegundir/hópar dýra greinast í botnseti. Hérland yfirvöld hafa ekki enn skilgreint viðmið um ásætlanlegt lífrænt álag. Þeir framkvæmdaaðilar sem hér um ræðir telja því „eðlilegt“ fyrst um sinn að miða umhverfisáhrif við almenn viðmið staðalsins.

Vöktun á laxeldi í Tálknafirði bendir til að staðbundið dragi úr fjölbreytileika botndýra í næsta nágrenni við eldiskvíar. Þegar álag var mest fækkaði dýrategundum úr 26 í 4 haustið 2011. Vorið 2012 hafði tegundum fjölgað í 11 og ári síðar var tegundafjöldinn orðinn 15. Í 25 m fjarlægð í straumstefnu frá eldiskvíunum fækkaði dýrategundum á mesta álagstíma í 10 og ári eftir að fóðrun var hætt hafði fjölbreytileiki botndýralífs verið endurheimtur að mestu.

Sem mótvægisáðgerð er nú haft meira bil milli eldiskvína til að viðhalda botndýralífi milli kvíanna. Talið er að stýring á þéttleika fiska sé einn mikilvægasti þátturinn til að draga úr neikvæðum áhrifum á botndýralíf.

Um vöktun botndýralífs segir m.a. : “Bæði Fjarðarlax og Dýrfiskur hafa hafið vinnu við vottun á sinni starfsemi samkvæmt ASC staðlinum. Samkvæmt þessum staðli þarf eingöngu að greina botndýrasamfélag við hámarks umhverfisáhrif fyrir hverja kynslóð“.

Umhverfisstofnun telur í ljósi þess hversu mikil fækkun botndýra var undir eldiskvíum í Tálknafirði að skoða ætti hvort ekki sé rétt að kanna ástand botndýra með sýnatöku þegar svæðið hefur verið hvílt til að sanneyna að endurheimt botndýralífs sé með þeim hætti sem ráð er fyrir gert. Með þessum hætti mætti afla upplýsinga sem nýtast mundu við að „fínstillta“ burðarþolsmat fjarðanna.


Niðurstaða Umhverfisstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir felist í neikvæðum áhrifum vegna uppsöfnunar úrgangs á hafsbotni undir eldiskvíunum. Talið er að þessi áhrif séu afturkræf og að svæðin muni ná sér að mestu að lokinn hvíld. Umhverfisstofnun telur að að taka eigi sýni að hvíld lokinni til að sannreyna að kynslóðabundið eldi skili þeim umhverfisáhrifum sem til er ætlast. Umhverfisstofnun mun taka á þessum atriðum hvað varðar umhverfisvöktun við vinnslu starfsleyfis.


Ekki að talið að eldið muni hafa neikvæð áhrif á villta laxfiska hvorki m.t.t. sjúkdóma eða erfðablöndunar.

Umhverfisstofnun vill benda á að með þeirri framkvæmd sem hér um ræðir er verið að fullnýta burðarþol Patreks- og Tálknafjarðar skv. burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar. Því ættu áætlanir um vöktun og rannsóknir að miðast við það að sannreyna að lífrænt álag sé með þeim hætti að áhrif eldisins á lífríki fjarðanna verði tímabundið og afturkræft.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri